

Verðlagsstofa skiptiverðs

04 217

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Verðlagsstofa skiptiverðs
kt. 550698-2429
Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Verðlagsstofa skiptiverðs er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna nr. 13/1998.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 13 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 52,2 milljónir og afkoma kr. -6,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 15,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Verðlagsstofu skiptiverðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Verðlagsstofu skiptiverðs fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Ögmundur Haukur Knúttsson
Fiskistofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	51.900.000	52.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>324.158</u>	<u>288.078</u>
Tekjur samtals		52.224.158	52.388.078
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	46.525.508	43.092.465
Annar rekstrarkostnaður	4	12.189.550	10.064.191
Afskriftir	5	<u>324.158</u>	<u>288.078</u>
Gjöld samtals		59.039.216	53.444.734
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(6.815.058)	(1.056.656)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(140)</u>	<u>(28)</u>
		(140)	(28)
Afkoma ársins		<u><u>(6.815.198)</u></u>	<u><u>(1.056.684)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		843.190	1.167.348
Fastafjármunir samtals		<u>843.190</u>	<u>1.167.348</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	14.738.487	10.454.282
Veltufjármunir samtals		<u>14.738.487</u>	<u>10.454.282</u>
Eignir samtals		<u>15.581.677</u>	<u>11.621.630</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		(885.960)	5.929.238
Eigið fé samtals		<u>(885.960)</u>	<u>5.929.238</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	10.741.638	0
Viðskiptaskuldir		560.770	838.125
Ýmsar skammtímaskuldir	9	4.052.870	3.417.750
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	1.112.359	1.436.517
Skuldir samtals		<u>16.467.637</u>	<u>5.692.392</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>15.581.677</u>	<u>11.621.630</u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(6.815.198)	(1.056.684)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	324.158	288.078
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(324.158)	(288.078)
		<u>(6.815.198)</u>	<u>(1.056.684)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		6.457.433	13.534
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		357.765	1.043.150
		<u>6.815.198</u>	<u>1.056.684</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	0	(177.610)
		<u>0</u>	<u>(177.610)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
Fjárfestingarframlag		0	177.610
		<u>0</u>	<u>177.610</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækings endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangvirði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	51.900.000	52.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	324.158	288.078
	<u>52.224.158</u>	<u>52.388.078</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	49.400.000	0	0	49.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	2.500.000	0	0	2.500.000
Fjárveiting til tekna	51.900.000	0	0	51.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(58.715.198)	0	0	(58.715.198)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(6.815.198)	0	0	(6.815.198)

	2020	2019
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	37.045.513	34.756.747
Orlof, breyting	830.420	149.622
Launatengd gjöld	8.479.275	7.956.296
Starfsmannakostnaður	170.300	229.800
	<u>46.525.508</u>	<u>43.092.465</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	4,0	4,0

4 Annar rekstrarkostnaður

	2020	2019
Ýmis tæki og áhöld	0	51.855
Matvæli	71.450	232.400
Vörukaup, almenn	71.450	284.255
Fundir, námskeið, risna	0	25.000
Ferðir, uppihald	0	135.360
Akstur	0	20.143
Sérfræðipjónusta	850.606	1.540.732
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	1.713	3.852
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	11.990	10.990
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	864.309	1.736.077
Afnotagjöld	512.153	181.111
Leigugjöld	3.870.932	4.469.213
Kostnaðarhlutdeild	6.870.706	3.393.535
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	11.253.791	8.043.859
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>12.189.550</u>	<u>10.064.191</u>

5 Afskriftir

Áhöld, tæki og búnaður	324.158	288.078
	<u>324.158</u>	<u>288.078</u>

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
--	-------------------	-------------------

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	14.738.487	10.454.282
	<u>14.738.487</u>	<u>10.454.282</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	10.741.638	0
	<u>10.741.638</u>	<u>0</u>

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	5.929.238	6.985.922
Afkoma ársins	(6.815.198)	(1.056.684)
Jöfnuður 31.12.	<u>(885.960)</u>	<u>5.929.238</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
--	-------------------	-------------------

9 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	4.052.870	3.222.450
Ógreidd laun	0	195.300
	<u>4.052.870</u>	<u>3.417.750</u>

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	843.190	1.167.348
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	269.169	269.169
	<u>1.112.359</u>	<u>1.436.517</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	1.167.348	269.169	1.436.517
	<u>843.190</u>	<u>269.169</u>	<u>1.112.359</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fiskistofa og Atvinnuvega- og nýsköpunarráuneytið hafa gert með sér samning þar sem Fiskistofa annast rekstur Verðlagsstofu skiptaverðs þar til annað verður ákveðið. Verðlagsstofa greiðir Fiskistofu fyrir húsaleigu og ýmsa þjónustu. Á árinu 2021 er gert ráð fyrir að kostnaðurinn verði 11,6 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.